



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavíkur

Reykjavík 13. apríl 2012

1202039SA GB
Málalykill: 162

Efni: Umsögn um frv. um br. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, 510. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 28. mars 2012, þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál.

Um er að ræða þingmannafrumvarp þar sem lögð er til breyting á álagningarhlutfalli fasteignaskatts á „hesthús og önnur útihús utan bújarða“.

Afstaða stjórnar sambandsins til breytinga á skattlagningu á hesthús

Rétt er að taka fram að innanríkisráðherra hefur lagt fram frumvarp um sama efni, sbr. 633. mál – þingskjal 1013. Sú breyting sem lögð er til í því frumvarpi tekur hins vegar eingöngu til hesthúsa, ekki annarra útihúsa. Jafnframt er lagt til að sveitarfélögum verði heimilt að breyta álagningu á þessar fasteignir á yfirstandandi ári, þrátt fyrir að álagningarseðlar hafi þegar verið sendir til gjaldenda. Við gerð þess frumvarps var haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og hafa kostnaðaráhrif frumvarpsins jafnframt verið metin í samráði við sambandið. Er áætlað að tekjutap sveitarfélaga geti orðið um 55 milljónir króna á ári ef frumvarpið verður að lögum.

Frumvarp innanríkisráðherra var rætt á fundi stjórnar sambandsins 24. febrúar 2012. Stjórnin ræddi ítarlega kosti og galla þess að breyta lögnum og var bent á að þau sveitarfélög sem hafa lagt fasteignaskatt á hesthús samkvæmt c-flokki verði fyrir umtalsverðu tekjutapi við þá breytingu að færa hesthús yfir í a-flokk. Með vísan til fyrri umfjöllunar um málið ákvað stjórnin þó að leggjast ekki gegn fyrirhugaðri lagabreytingu en lagði áherslu á að við framlagningu frumvarpsins í ríkisstjórn og á Alþingi yrði kostnaðarumsögn ráðuneytisins lögð fram sem fylgiskjal.

Athugasemdir við frumvarp á þingskjali 778 – 510. mál

Að áliti sambandsins er orðalagið „önnur útihús utan bújarða“ í 1. gr. frumvarpsins of óljóst og til þess fallið að vekja deilur við álagningu fasteignaskatts. Má sem dæmi nefna að í daglegu tali myndu vélageymslur og skemmur af ýmsu tagi falla undir orðalagið „útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði“ í a-lið 3. mgr. 3.gr. laganna. Ástæða er til þess að vara eindregið við því að lögfesta ákvæði sem kallar á túlkun á því hvort sambærileg mannvirki utan bújarða skuli kallast „útihús“ og skattleggjast skv. a-lið 3. mgr. 3. gr. tekjustofnalaga, eða iðnaðarhúsnæði, sem skattlagt er skv. c-lið sama ákvæðis. Mun skynsamlegra virðist að orða lagabreytinguna þröngt og að hún nái eingöngu til hesthúsa, hvar sem þau eru staðsett.



Jafnframt telur sambandið það vera umtalsverðan ágalla á frumvarpinu að í því er ekki vikið að áhrifum fyrirhugaðrar lagabreytingar á álagningu yfirstandandi árs og hugsanlega afturvirkni.

Með vísan til framangreindra ábendinga mælir sambandið frekar með því að frumvarp innanríkisráðherra verði lagt til grundvallar við umræðu um málið í nefndinni. Rétt er hins vegar að taka fram að ef meirihluti er fyrir því á Alþingi að lækka álagningarhlutfall á hesthús er brýnt að málið fái þar skjóta afgreiðslu til þess að sveitarstjórnir geti breytt álagningu ársins án verulegra vandkvæða.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri